

Mál nr. 17/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/slysstryggingar heimilstryggingar****Meiðsl við fall fram af steinvegg flugstöðvarbyggingar 24.02. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 31.01. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa fengið aðsvif/yfirliðstilfinningu eftir flugferð. M mun hafa setið á steinvegg fyrir utan flugstöðvarbyggingu og fallið við aðsvif aftur fyrir sig um 2 metra. Við fallið hlut M högg á höfuð og háls hrygg sbr. gögn málsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að hér hafi ekki verið um slys að ræða samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að fallast á að rekja megi meiðsl M til skyndilegs utanaðkomandi atburðar er hún féll aftur fyrir sig af umræddum steinvegg flugstöðvarbyggingar. Telja verður að yfirliðstilfinning/aðsvif hafi valdið því að M féll fram af steinveggnum. Að fenginni afstöðu vátryggingafélagsins er ekki unnt að fallast á að yfirliðstilfinning og/eða aðsvif uppfylli kröfu skilmála um skyndilegan utanaðkomandi atburð.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.